

**35**  
20. febr.

8. gr.  
Þinglýsa skal skipulagsskrá þessari.  
Skipulagsskrá þessi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á sam-  
bandsþingi UMSD, sem háð var að Sælingsdalslaug hinn 12. júlí 1947.

Stjórn UMF Ólafur Pái.

Hallgrímur Jónsson. Jóhannes úr Kötlum. Óskar Sumarliðason.

**36**  
20. febr. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Elínar Jóseps-  
dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febrúar  
1948.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínar Jósepsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Elínar Jósepsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000.00 — eitt þúsund — krónur. Hann er stofnaður til minningar um Elínu Kristjönu Jósepsdóttur, fædd 31. júlí 1915, dáin 4. júlí 1946, af móður hennar og stjúpföður, Amalíu Þorleifsdóttur og Stefáni Tómassyni í Búðardal í Dalasýslu

3. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans.

4. gr.

Allir vextir skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins, þar til hann er orðinn að upphæð kr. 5000.00. Úr því má verja  $\frac{3}{4}$  árlegra vaxta samkvæmt 6. gr.  $\frac{1}{4}$  árlegra vaxta skal leggjast við höfuðstólinn unz hann er orðin nað upphæð kr. 10000.00, eftir það má ráðstafa öllum vöxtum sjóðsins.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Dalasýslu eða annarri hliðstæðri stofnun.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að viðhalda og endurbæta ljósakerfi Hjarðarholtskirkju í Dalasýslu, svo og að prýða og fegra kirkjuna og það sem hennar er, eftir því sem til hrekkur.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera undir yfirstjórn sóknarnefndar Hjarðarholtssóknar, sem sér um ávöxtun sjóðsins og allar fjárreiður og býr til reikninga hans, og skulu þeir endurskoðaðir árlega með reikningum kirkjunnar. Verði þær breytingar á skipun kirkjumála, að störf sóknarnefnda verði lögð niður, fellur stjórn sjóðsins undir hliðstæða aðila.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Búðardal, 21. desember 1947.

Amalía Þorleifsdóttir. Stefán Tómasson.